

Ed.

218. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á kostnaði við að gera reiðvegi meðfram helztu akbrautum landsins.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera rannsókn og áætlun um það, hve mikið myndi kosta að gera reiðvegi meðfram öllum helztu akbrautum landsins.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur orðið gerbreyting á samgöngum hér á landi. Í þúsund ár hafði hesturinn verið samgöngufæri þjóðarinnar og um leið tryggðavinur og félagi hvers Íslending. Nú hefur bifreiðin komið í stað hestsins að mjög miklu leyti. Þjóðin hefur með miklum fórnnum og tilkostnaði byggt á skömmum tíma ótrúlega fullkomið akvegakerfi um landið. En þessir nýju vegir hafa orðið hefndargjöf fyrir íslenska hestinn. Það má kalla kvalræði fyrir hestana okkar, ekki sízt reiðhestana, að ganga á hinum grjótbornu vegum. Venjulega gera hörðu vegirnir hestana fótaveika á skömmum tíma. Auk þess njóta þeir sín aldrei um gang og allt eðli á steinhörðum vegum.

Nú má kalla, að lítt fært sé um mörg hin helztu byggðarlög hér á landi með hesta eftir akvegum. Verður það því til þess, að menn ferðast aðallega á bifreiðum innan sveitar og héraðs. En það þýðir aftur á móti ekki aðeins mikil útgjöld fyrir fólkið í sveitunum, auk þess sem ferðalög í lélegum bifreiðum eru jafnóskeppmitleg eins og hestaferðir eru heilsusamlegar og göfgandi. Ég hygg, að það sé aðeins í einni af hinum góðu hestasveitum hér á landi, þar sem sveitafólkið fer enn þá á hestbaki á fjölmennar innanhéraðssamkomur. Það er í Rangárvallasýslu. Þar eru hinir víðáttu-miklu sandar, grundir og gljár meðfram sjónum, sem fram að þessu hafa bjargað hinum gömlu ferðamannasiðum. Þar má sjá mörg hundruð manna koma riðandi á sumarfundi.

Hestamannafélagið „Fákur“ í Reykjavík hefur gert það sómastrik að leggja með allmiklum tilkostnaði reiðveg meðfram akbrautinni austur yfir heiði. Það, sem hér er farið fram á, er að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka kostnað við reiðvegagerð um helztu byggðir landsins. Á þeirri rannsókn verða síðan væntanlega byggðar framkvæmdir, og fullkomið reiðstígakerfi gert meðfram öllum helztu akbrautum landsins.